

# Stjórnarskiptafundur í Rótarýklúbbsi Hafnarfjarðar 5. júlí 2001

Ávarp viðtakandi forseta, skýrsla um 55. umdæmisþing Rótarýhreyfingarinnar 29.-30. júní 2001.

Ágætu rótarýfélagar,

Ný stjórn kemur nú til þjónustu við klúbbinn. Stjórnin hefur þegar komið saman til að stilla strengi sína og hún er samhljóma í því að vinna klúbbsnum vel svo að hann í heild og hver einstakur félagi geti blómstrað í þjónustuhugsjóninni.

Fyrsta verk mitt í þessu embætti vinn ég með gleði. Það er að þakka fráfarandi stjórn vel unnin störf í þágu klúbbsins, ekki síst forsetanum, Skúla Valtýs-syni.

Fyrir hönd minnar stjórnar fullyrði ég að hún er til þjónustu reiðubúin og hlakkar til að gegna skyldum sínum og ábyrgð.

Forseti alþjóðahreyfingar Rotary 2001-2002 er Richard D. King. Kona hans er Cherie King. Kjörorðið sem King velur Rotaryhreyfingunni fyrir sitt starfsár er: **Mankind is our business** og er úr Jólásögu eftir Charles Dickens. Eysteinn Tryggvason, umdæmisstjóri Rotary á Íslandi 2001-2002, túlkar það með orðunum: **Við vinnum fyrir fólkið**. Það er leiðarstef okkar í ár.

Á nýafstöðnu umdæmisþingi og í skrifum erlendra forystumanna Rotary um þessar mundir er rík áhersla lögð á fjölgun félaga. Alþjóðaforsetinn hefur sett okkur það mark að fjölga félögum um fjórðung eða úr 1,2 milljónum í 1,5 milljónir. Nettóaukning í árslok gæti orðið helmingur þess eða upp í heildarfjöldann 1,35 milljónir. Það er að meðaltali nettóstækkun hvers klúbbs um 5 félaga. Þetta er góð leið til að auka styrk hreyfingarinnar og þar með getu hennar til að vinna sín góðu verk. Hins vegar þarf að hafa í huga hér eins og í trjárækt að hraður vöxtur gæti skilað stórum skógi en meyrum viði. Reyndar veit ég ekki til þess að við þann vanda sé að etja á Íslandi. Alltént ekki í ræktunarstarfi Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar.

Menn eru valdir í Rótarýklúbb. Þeir hafa sjálfir ekki áhrif á valið öðru vísi en með almennri framkomu sinni. Þess vegna hafa nýir félagar, eftir stranga athugun innan klúbbsins, í raun verið boðnir velkomnir áður en þeir eru teknir inn. Það finna þeir þegar á fyrsta fundi. Ég lít á það sem fágæt forréttindi að njóta slíks félagskapar.

Félagavalsnefnd fer með viðkvæmt fjöregg klúbbsins því að það er hennar að endurnýja krafta klúbbsins

með því að finna nýja félaga. Víða í samfélaginu er fólk sem óvitandi og af sjálfu sér vinnur algjörlega í anda Rotary þótt það sé ekki Rótarýfélagar. Þetta fólk þarf að sækja. Forsenda þess að nýtt fólk komi inn er hins vegar að klúbburinn sé áhugaverður því að gott fólk laðast að góðu starfi. Þar reynir á félagan alla.

## Umdæmisþing.

55. umdæmisþing Rótarýhreyfingarinnar á Íslandi, umdæmis 1360, var haldið í Árbæ dagana 29. – 30. júní 2001. Samkvæmt hefð hélt klúbbur starfandi umdæmisstjóra þingið. Það var að þessu sinni Rótarýklúbburinn Reykjavík Árbær, umdæmisstjóri Steinar Friðgeirsson. Þing og formót voru haldin í Árbæjarkirkju. Veður var himneskt báða dagana. Kvöldverðir og hátíðafundur voru í félagsheimili íþróttafélagsins Fylkis.

Formót og umdæmisþing eru afar lærdómsríkar og ánægjulegar samkomur. Þetta var blönduð dagskrá af tónlist, stífum vinnufundum, fyrirtækjaheimsóknum, gönguferðum, matarveislum, ræðuholdum og skemmtiatriðum. Þingfulltrúar og gestir voru að frá því klukkan níu að morgni til miðnættis í tvo daga og leyfði ekkert af tímum.

Athugasemd kom fram um að þetta væri full löng törn, hvort ekki mætti til dæmis taka formótið fyrir hádegi, þingið í eftirmiðdag og gleypa svo í sig um kvöldið. Umdæmisstjóri benti á að erlendis fer formótið fram á a.m.k. tveimur dögum í mars apríl og þingið standi síðan aðra tvo daga í júní þannig að í okkar fyrirkomulagi fælist nú þegar töluverð samþjöppun og hagræðing. Enda sé ég ekki hvernig ætti að vera hægt að komast yfir það sem gera þarf á styttri tíma, nema þá með því að klippa ánægjuþættina alveg í burtu og til hvers væri þá lifað og starfað?

Til þings komu góðir erlendir gestir: Fred Sorell frá Kanada, fulltrúi forseta Rotary International og frá Norðurlöndum Daninn Vagn Andersen ásamt konum sínum. Að sjálfsögðu var ritari okkar, Þórdís Árnadóttir, á þinginu og átti hún drjúgan hlut að uppræðslu verðandi ritara og forseta.

Einnig var þarna fulltrúi Inner Weel, Þorgerður Guðlaugsdóttir, en IW hélt nýverið í þriðja sinn sjálfstætt umdæmisþing og fór það fram í Hrafnagilsskóla í Eyjafirði. Kjörorð IW í ár er úr Hávamálum: Maður er manns gaman.

Dr. Agnar Helgason frá Íslenskri Erfðagreiningu hélt fræðsluerindi um erfðafræðilega ættartölu Íslendinga og Friðrik Daniélsson efnaverkfræðingur talaði um samhengi

hitabreytinga, menningar og velmegunar á Íslandi um aldir.

Umdæmisstjóri veitti nokkrar viðurkenningar og hlotnaðist mér sú ánægja að taka á móti félagatals- og vaxtarviðurkenningu til okkar klúbbs. Ég tók við henni í nafni Skúla Valtýssonar með þeim orðum að hans væri heiðurinn - sem satt er.

Á þinginu bar forseti Rótaryklúbbs Hafnarfjarðar, Skúli Valtýsson, upp tilnefningu um klúbbfélaga okkar, Bjarna Þórðarson, sem umdæmisstjóra árið 2003-2004. Málið hafði verið undirbúið og var tilnefning Bjarna samþykkt samhljóða af þingfulltrúum. Bjarni Þórðarson er því rétt kjörinn Umdæmisstjóri 2003-04. Þessari ánægjulegu ákvörðun fylgir að sjálfsögðu að umdæmisþing sumarið 2004 verður í höndum okkar klúbbs.

Fluttar voru nefndakýrslur:

Skýrsla umdæmisstjóra Steinars Friðgeirssonar.

Rotarysjóðurinn, Örn Smári Arnarson.

Námsstyrkjanefnd, Ingvar Birgir Friðleifsson.

Alþjóðleg samskiptanefnd, Guðni Jónsson.

Útbreiðslunefnd, Jón Hákon Magnússon. Jón lætur nú af störfum í þeirri nefnd eftir 8 ára formannsstarf. Fulltrúi okkar í nefndinni er Skúli Þórsson.

Of langt mál yrði að gera grein fyrir öllum niðurstöðum nefnda hér og nú, þótt merkar séu, en varla fer hjá því að þær sitri smám saman inn í klúbbstarfið. Ég ætla samt að tæpa á fáeinum atriðum úr ræðum forystumanna.

Eysteinn Tryggvason viðtakandi umdæmisstjóri Lagði áherslu á mikilvægi Rotary Foundation. Sjóðurinn safnar fé um allan heim, en umdæmin ráða yfir verulegum hluta fjárens. Með öðrum orðum peningarnir koma til baka og ráðstöfunarféð getur orðið meira en það sem umdæmið lætur af hendi rakna ef verkefni sem ráðist er í eru þess eðlis að RI leggi fé í þau á móti umdæminu. Eysteinn vonast til að íslenska umdæmið muni geta safnað um það bil 25 USD á hvern íslenskan féлага á starfsárinu. Summan gæti þá farið yfir 25.000 USD. Önnur umdæmi leggja allt að 100 USD fyrir hvern sinn féлага til sjóðsins. Umdæmi okkar, 1360, er nú meðal þeirra lægstu í heiminum en vonandi stendur það til bóta því að víða er brýn þörf fyrir hvers konar aðstoð. Eysteinn ítrekaði hugmynd formanns Rótarysjóðsnefndar, Arnar S. Arnaldssonar, að forsetar tilnefni einn ákveðinn rótarysjóðsfulltrúa til að annast fjárföfnunina. Hann yrði tengiliður klúbbsins við umdæmið og gæti setið í 3-5 ár eða jafn lengi og henta þætti.

Jón Pétursson frá Egilsstöðum, fyrrverandi umdæmisstjóri, flutti tíðindi af löggjafarþingi Rotary í Chicago sem hann sótti 21.-27. apríl á þessu ári. Hann minnti á samantekt sína í Fréttabréfi umdæmis-

stjóra sem dreift var á síðasta fundi hjá okkur. Samþykktar voru 80 breytingatillögur af 622 fram bornum. Fáeinar þeirra geta breytt daglegum störfum klúbbsins:

- Heimild til að fella niður allt að fjóra fundi á ári utan hefðbundinna helgidaga. Þó ekki fleirri en þrjá í röð. Stjórn ákveður þetta og þarf að tilkynna það ári áður. Best er að sleppa engum fundi, sagði Jón og tek ég undir það.
- Breytt var starfssvæði klúbbsins svo að nú má stofna nýjan klúbb í bæ eða borg gamla klúbbsins ef borgin býður upp á nægar starfsgreinar. Þetta hefur raunar verið iðkað á Íslandi lengi augljóslega utan lagarammans.
- Ítrekað er jafnrétti kynja og auðveldaður flutningur milli klúbbsins. Klúbbur getur ekki synjað féлага úr öðrum klúbbsi inngöngu við búferlaflutning t.d. ef félaginn er kona og klúbburinn hefur af einhverjum ástæðum ekki boðið neinni konu aðild fram að því.
- Aðeins skal vera tvenns konar félagsaðild í klúbbum: Virkir félagar og heiðursfélagar. Aldvirkir félagar verða þá virkir félagar og verða það meðan þeim endist aldur og heilsa. M.ö.o. hugtakið aldvirkur fellur niður. Og hefur farið betra fé.
- Klúbbur með innan við 50 féлага mega hafa allt að 5 féлага í hverri starfsgrein en stærri klúbbur skulu ekki hafa fleirri en 10 % féлага í sömu starfsgrein. Hjá okkur þýðir það sex og hálfur.
- Sé unnið í þágu Rotary t.d. að útbreiðslu eða kynningu og farið á fund í óskyldu félagi, segjum kvenfélagi, er stjórn heimilt að telja það mætingu.
- Heiðursfélagar halda áfram að vera heiðursfélagar nema stjórn ákveði annað. „Það er ætlast til að þessir menn deyi út,“ endaði Jón samantekt sína. Áður varð stjórn að endurkjósa menn heiðursféлага árlega.

Fred Sorell, fulltrúi Rotary International, hélt logandi hvatningarræðu. Hann sagði að aldrei hefði verið meiri þörf á þjónustu Rotary en nú á tímum mikilla breytinga í heiminum. Hann benti á að það væri verkefni allra féлага að afla nýrra féлага. Til að halda þeim félögum sem gengið hefðu til samstarfs taldi hann tvennt áriðandi: - Að láta fólkið finna að það sé velkomið og sé mikilvægt innan klúbbsins og - að nýir félagar fái verkefni sem skipta máli. Starf félaganna innan Rótaryklúbbs ætti að vera næg ástæða til að koma reglulega á fund í stað þess að leita að afsökun til að þurfa ekki að mæta vegna þess að það breyti engu hvort maður mætir eða ekki. „Forsetar og nefndarmenn deilið út verkefnum,“ boðaði hann. Þar kom hann að því sem mér fannst best í ræðunni: „Forsetinn ætti í rauninni ekki að gera neitt.“ Sorell benti á að hafa mætti samstarf við fólk utan Rotary til að leysa meiriháttar verkefni sem klúbburinn vill taka að sér, en ræður ekki við einn vegna manneklu, til dæmis almennar samkomur af ýmsu tagi. Þar fengi ungt fólk tækifæri til þjónustu og væri hugsanlegir rótaryfélagar síðar. „Rotary-foundation er mjög mikilvægur sjóður. Hann er það besta í Rotary,“ sagði Fred Sorell. „RF getur náð inn í hvern einasta kima veraldarinnar því að það er ákvörðun rótary-félaganna hvernig honum er varið. Aðeins þetta litla atriði gæti vakið áhuga margra sem leita að farvegi fyrir áhuga sinn á

mannúðarmálum að starfa innan Rótaryhreyfingarinnar. Með RF getum við áorkað hverju sem er, en styrkur og vald Rotary er í hjarta hvers einasta félaga og hug,“ sagði Fred Sorell að lokum og var fagnað með löngu og þéttu lófataki.

Umdæmisþingið fór fram um síðustu helgi. Ný klúbbstjórn mun nú vinna úr þinggögnum og setja fram markmið fyrir innra starf okkar klúbbs með hliðsjón af niðurstöðum umdæmisþingsins. Verða þau kynnt ásamt fjárhagsáætlun starfsársins á öðrum fundi héðan í frá, 19. júlí.

Stjórn kaus á undirbúningstíma sínum eftirtalda Heiðursfélaga:  
Eirík Pálsson,

Jón Magnússon,  
Magnús Guðlaugsson,  
Pétur Þorbjörnsson,  
Þórð Björgvin Þórðarson.  
Við þennan fríða hóp bætist nú Stefán Júlíusson.

Einnig leggjum við í dag fram árangurinn af fyrsta markmiði sem stjórn setti sér á undirbúningstímanum að skila nýju félagtali á stjórnarkiptafundi.

Göngum nú glaðbeitt inn í nýtt þjónustuár undir einkunnarorðunum:  
Við vinnum fyrir fólkið.

*Sigurþór Aðalsteinsson.*